

# Byggðarráð Norðurþings

489. fundur 06. mars 2025 kl. 08:30 - 10:45 í fundarsal GB5

Nefndarmenn

- Helena Eydís Ingólfssdóttir formaður
- Hjálmar Bogi Hafliðason varaformaður
- Benóný Valur Jakobsson aðalmaður
- Aldey Unnar Traustadóttir áheyrnarfulltrúi
- Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi

Starfsmenn

- Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerð ritaði: Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri

Dagskrá

Gestir Húsavíkurstofu undir lið 1. Örlygur Hnefill Örlygsson, Heiðar Hrafn Halldórsson og Helga Björg Sigurðardóttir. Auk þess mætti undir þessum lið á fundinn Íris Jóhannsdóttir, frá Gáru.

## 1. Samningur Húsavíkurstofa 2025-2027

Málsnúmer 202404083

Vakta málsnúmer

Samkvæmt samstarfssamningi Norðurþings og Húsavíkurstofu skal stefnt að því að fulltrúar Húsavíkurstofu fundi a.m.k. tvisvar sinnum á ári með byggðarráði og upplýsi um starfsemina og helstu verkefni.

Á fundinn mættu fulltrúar Húsavíkurstofu kl. 08:30.

Auk þess kom inn á fundinn Íris Jónsdóttir, rekstrarstjóri Gáru, sem er umboðsaðili vegna komu skemmtiferðaskipa.

Byggðarráð þakkar Örlygi Hnefli, Heiðari Hrafn, Helgu Björgu og Írisi fyrir komuna á fundinn og góðar upplýsingar um starfsemi Húsavíkurstofu.

Byggðarráð tekur undir sjónarmið Gáru og Húsavíkurstofu um að skattkerfisbreytingar vegna farþegagjalda á skemmtiferðaskip hefðu þurft lengri aðdraganda þar sem ferðir eru seldar með um tveggja ára fyrirvara. Fylgiskjöl:

- [Undirritaður samningur NP og Húsavíkurstofa.pdf](#)

## 2. Tilnefning í skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík

Málsnúmer 202502074

[Vakta málsnúmer](#)

Mennta- og barnamálaráðuneytið óskar eftir að Norðurþing tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík en skipunartími núverandi skólanefndar lýkur 14. mars. Tilnefningar skulu berast ráðuneytinu eigi síðar en 11. mars nk.

Byggðarráð samþykkir að tilnefna sem aðalmenn Ármann Örn Gunnlaugsson og Þorstein Snævar Benediktsson. Til vara eru tilnefnd Aldey Unnar Traustadóttir og Benóný Valur Jakobsson.

Fylgiskjöl:

- [Ósk um tilnefningu í skólanefnd.pdf](#)

## 3. Sjúkraflug á Húsavíkurflugvöll

Málsnúmer 202503005

[Vakta málsnúmer](#)

Í framhaldi af umræðu á sveitarstjórnarfundi er til umræðu staða sjúkraflugs þegar reglubundnu áætlunarflugi á Húsavíkurflugvöll, með ríkisstyrk, lýkur þann 15. mars nk.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að óska eftir fundi með forsvarsfólki Ísavia vegna reksturs og viðhalds Húsavíkurflugvallar.

Byggðarráð felur sveitarstjóra jafnframt að kalla saman hagaðila á svæðinu vegna sjúkra- og farþegaflugs.

## 4. Krubbur hugmyndahraðhlaup

Málsnúmer 202411024

Vakta málsnúmer

Krubbur, hugmyndahraðhlaup, fer fram á Stéttinni á Húsavík 28.- 29. mars 2025. Norðurþing verður með áskorun sbr. samþykkt byggðarráðs frá 481. fundi þann 14. nóvember 2025.

Lagt fram til kynningar.

Fylgiskjöl:

- Norðurþing - Krubbur 2025.pdf.pdf

## 5. Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2024 - 2025

Málsnúmer 202501094

Vakta málsnúmer

Fyrir byggðarráði liggur erindi frá Matvælaráðuneytinu, ósk um að sérreglur vegna byggðakvóta berist ráðuneytinu fyrir 7. mars n.k.

Byggðarráð samþykkir að óska eftir samsvarandi sérreglum og undanfarin ár sem eru eftirfarandi;

Norðurþing (breyting á viðmiðun um úthlutun, afmörkun landaðs afla, vinnsluskylda innan sveitarfélags). Ákvæði reglugerðar nr. 819/2024 gilda um úthlutun byggðakvóta Kópaskers og Raufarhafnar með eftirfarandi breytingum:

a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1.

september 2023 til 31. ágúst 2024.

b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Afli sem landað er í sveitarfélagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að koma þessum óskum á framfæri við ráðuneytið.

Byggðarráð vísar sérreglunum til staðfestingar í sveitarstjórn.

## **6. Starf flugklasans Air 66N**

Málsnúmer 202204077 Vakta málsnúmer

Markaðsstofa Norðurlands boðar til fundar um málefni Flugklasans Air 66N miðvikudaginn 2. apríl 2025. Fundurinn verður haldinn á Akureyri kl. 10:30-12:00.

Óskað er eftir þátttöku sveitarstjóra og/eða annarra fulltrúa sveitarfélagsins til þess að ræða málefni Flugklasans og starfið næstu ár. Tilkynna skal þátttöku og fjölda fulltrúa frá sveitarfélaginu eigi síðar en 23. mars n.k. Byggðarráð tilnefnir Katrínu Sigurjónsdóttur, sveitarstjóra, sem fulltrúa Norðurlands á fundinum.

Byggðarráð ítrekar fyrri bókanir sínar um að ríkið komi sterkar inn í starfsemi Flugklasans Air66N.

## 7.Boð á ársþing SSNE 2025

Málsnúmer 202503006

[Vakta málsnúmer](#)

Stjórn SSNE boðar til ársþings SSNE 2025 sem haldið verður á Hótel Natur, Svalbarðsstrandarhreppi, 2.-3. apríl næstkomandi.

Lagt fram til kynningar.

Byggðarráð minnir á að næsti sveitarstjórnarfundur er þennan sama fimmtudag eftir hádegi á Húsavík.

## 8.Boðun á XL.landsþing Sambands ísl.sveitarfélaga

Málsnúmer 202503016

[Vakta málsnúmer](#)

Fyrir byggðarráði liggur boð á XL. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldið fimmtudaginn 20. mars nk. á Hilton Reykjavík Nordica.

Lagt fram til kynningar.

## 9.Aðalfundarboð LS 2025

Málsnúmer 202503007

[Vakta málsnúmer](#)

Fyrir byggðarráði liggur fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga fimmtudaginn 20. mars 2025 á Hilton Reykjavík Nordica.

Lagt fram til kynningar.

Fylgiskjöl:

- [Tillögur fyrir aðalfund 2025.pdf](#)
- [Fundarboð.pdf](#)

## 10.Upplýsingar frá þróunarsviði Sambandsins

Málsnúmer 202503015

[Vakta málsnúmer](#)

Fyrir byggðarráði liggur pistill aðalhogfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 5. mars 2025.

Lagt fram til kynningar.

## 11. Fundargerðir SSNE 2024

Málsnúmer 202401065

Vakta málsnúmer

Fyrir byggðarráði liggur fundargerð 70. fundar stjórnar SSNE sem fram fór 5. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

Fylgiskjöl:

- [fundargerð 70 fundur.pdf](#)

## 12. Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025

Málsnúmer 202412055

Vakta málsnúmer

Fyrir byggðarráði liggja til kynningar fundargerðir stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga nr. 965-970 frá 18.-25. febrúar 2025.

Lagt fram til kynningar.

Byggðarráð óskar eftir að fá til kynningar fundargerð 964. fundar sem vantar inn í númeraröðina.

Fylgiskjöl:

- [stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 967.pdf](#)
- [stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 970.pdf](#)
- [stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 966.pdf](#)
- [stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 969.pdf](#)
- [stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 965.pdf](#)
- [stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 968.pdf](#)

Fundi slitið - kl. 10:45.

